



## 6. fundur stjórnar Aftureldingar 10. ágúst 2011

### Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson hafði boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

#### Dagskrá:

1. Upplýsingavefur
2. Frístundafjórið
3. Jafnréttisnefnd-framgangur aðgerðaráætlunar
4. Laganefnd og siðanefnd-staða
5. Sportklúbburinn
6. Vinnufundur stjórnar og skipulag vetrarins
7. Samstarf við skóla og frístundafélög í Mosó
8. Samningar við Mosfellsbæ
9. Í túninu heima
10. Atlantismótið
11. Landsmót 50 ára og eldri 2012
12. Dagskrá formannafundar 17.ágúst

1. Upplýsingavefur. ASG sagði frá stöðu vinnunnar við nýjan vef. Allt grunnefni verður komið inn frá deildum fyrir 20 ágúst. Rætt var um nauðsyn þess að hafa einn vefstjóra/ritstjóra og ákveðið að ASG taki það starf að sér þar til félagið getur ráðið ípróttastjóra.
2. Frístundafjórið. Framkvæmdastjóri sagði undirbúning ganga vel, sömu umsjónaraðilar og í fyrra. Rætt er um að bæta við einu aldursári.
3. Jafnréttisnefnd. ASG upplýsti aðalstjórn um stöðu aðgerðaáætlunar og að bréf til foreldra barna af erlendum uppruna, á ensku og dönsku, eru farin til fræðslusviðs Mos sem mun sjá um að koma þessum bréfum til hlutaðeigandi forráðamanna. Reyna á að fá bréfið þýtt yfir á pólsku líka.
4. Laganefnd og siðanefnd. Erindisbréf laganefndar er tilbúið og verður sent til nefndarmanna. Fyrir liggur uppkast að erindisbréfi fyrir siðanefnd. Það verður lagt fyrir næsta formannafund ásamt reglugerð.
5. Sportklúbburinn. Framkvæmdastjóri upplýsti að ekki sé möguleiki á að starfrækja sportklúbbinn í vetur vegna aðstöðuleysis, en engin leið er að koma starfseminni fyrir. Aðalstjórn telur að sportklúbburinn sé frístundatilboð fyrir táninga sem falli mjög vel að stefnumörkun félagsins og lýðheilsustefnu bæjarins og mun halda málinu vakandi og vinna að því að starfsemin verði endurvakin.
6. Vinnufundur. Aðalstjórn mun halda s.k. vinnufund til að skipuleggja vetrarstarfið miðvikudag 31.08 kl. 19-22.
7. Samstarf við skóla og frístundafélög. Formaður tók upp umræðuna frá síðasta fundi og ýmsir fletir á samstarfi reifaðir í umræðum. Aðalstjórn sammála um að hafa frumkvæði að því að

styrkja og auka samtarf við skóla bæjarins. Ákveðið að aðalstjórn bjóði stjórnendum í grunnskólum bæjarins og framhaldsskólanum til óformlegs fundar á haustmánuðum. Áform eru einnig uppi um að halda fund með öðrum íprótta- og tómsfundafélögum í bænum síðar í vetur.

8. Samningar við Mosfellsbæ. Samningar vegna yfirstandandi árs eru ekki enn frágengnir en á miðvikudag 17. ágúst munu formaður og framkvæmdastjóri funda með bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslusviðs og eru aðilar sammála um að markmiðið sé að ljúka samningum um aðra þætti en húsnæðismál, þ. e. að ljúka rekstrarsamningi, fyrir ágústlok. Aðalstjórn hefur sent inn beiðni til bæjarstjórnar um styrk til að leigja og reka húsnæði sem m.a. skal nýta fyrir fimleika og bardagaíþróttir.
9. Í túninu heima. Framkvæmdastjóri upplýsti að félagið verði með einn sameiginlegan bás ( 4 samsíða af hefðbundinni stærð) eins og rætt var um á síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri útvegar Errea boli á þá sem standa vaktina í básnum. Nánara skipulag verður rætt á formannafundi.
10. Atlantismótið. Undirbúningur gengur vel. Skráð eru um 11-1200 börn, sem er fjölgun frá fyrra ári. Það er góður árangur þar sem ípróttafélögin Víkingur og Fram ákváðu að halda mót fyrir sömu aldursflokka um þessa sömu helgi.
11. Landsmót 50+ UMSK sneri sér til Aftureldingar og spurði hvort félagið vildi sækja um að taka að sér að halda Landsmót fyrir 50+ 2012. Aðalstjórn er jákvæð fyrir því og hugsar sér að fá fleiri aðila innan íprótta- og tómsfundageirans í bænum til samstarfs. Bæjaryfirvöld eru spennt fyrir verkefninu og mun ræða á sínum vettvangi.
12. Formannafundur. Næsti formannafundur verður haldinn 17. ágúst. Eftirfarandi atriði verða á dagskrá fundarins:  
Frístundafjör  
Siðanefnd,  
Jafnréttisnefnd,  
Upplýsingavefur/vefstjóri,  
Umsókn um 50+,  
Túnið,  
Æfingagjöld, endurgreiðsla,  
Námsefnið Framtíðin ,  
Húsnæðismál og tímatöflur.

Fundi slitið kl. 18:40

Næsti fundur stjórnar verður haldinn sem vinnufundur 31. ágúst sbr. fundargerð

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**